Stjórnarfundur Foreldrafélags Helgafellsskóla

Miðvikudagurinn, 09.03.2022

Contents

Stjórnarfundur Foreldrafélags Helgafellsskóla 1
Upphaf fundar 1
Mættir: 1
Dagskrá fundarins 1
Páskarnir og páskaskemmtun 1
Vorhátíð/plokkdagur 2
Árgangafulltrúar 2
Fundur með Sjálfstæðisflokknum 2
Ferlar hjá Mosfellsbæ 2
Fyrirlestur og fulltrúafundur 2
Fræðsluráð Mosfellsbæjar 2
Greiðsluseðlar 2
Næsti fundur 2
Aðgerðir eftir fund 2

Upphaf fundar

Fundurinn var haldinn á Zoom

Mættir:

Ólafur Dan, Sonja Petra, Jóna, Elena og Gunnar Ingi.

Ritari fundargerðar: Gunnar Ingi

Dagskrá fundarins

Páskarnir og páskaskemmtun

Vera með páskabingó fyrir yngstu krakkana. Elena á að eiga (eða hafa aðgang að) bingóspjöld og dótarí frá því í fyrra.
Páskaeggjaleit fyrir eldri krakkana úti í skógi. Það hittir yfirleitt beint í mark.
Kostnaðurinn í súkkulaðipáskaeggjunum í fyrra var á milli 15 – 20þús per árgang.
Veltum fyrir okkur hvort peningunum sé betur varið í að kaupa gjöf handa skólanum í vor. Hugmynd að vera frekar með pappaegg sem hægt væri að skreyta eða mála.

Heyra í Rósu – Sjá tasklista

Vorhátíð/plokkdagur
Hugmynd að halda vorhátíð og grilla pyslur og bjóða upp á svala. Hvetja til þess að bekkirnir taki sig saman og plokki rusl af skólalóðinni. Áhaldahúsið getur kannski lagt til verkfæri og ruslagáma. Væri mögulega hægt að vera með ratleik líka. Heyrum í Rósu með þetta – sett á tasklist.

Árgangafulltrúar
Afskaplega lítil starfsemi virðist vera. Var verið að kvarta yfir því að lítið sé um skráningar í foreldraröltið. Hvernig er hægt að virkja folk betur? Það er meiri virkni í Varmá og Kvíslarskóla. Helgafelsskóli ekki mikið með í foreldraröltssíðunni á Facebook.

Setja upp maps fyrir foreldraröltið og setja inn punktana. Þarf ekki að fara alltaf sama hringinn, en tikka í allar staðsetningarnar.

Fundur með Sjálfstæðisflokknum
Er haldinn fyrir SAMMOS og stjórnir foreldrafélagana að frumkvæði Sjálfstæðisflokksins. Gæti verið virði í því að hafa áhrif á það sem ratar inn á stefnuskrá. Átti að vera í kvöld en var fært vegna veikinda. Nokkrir úr stjórninni ætla að mæta.

Ferlar hjá Mosfellsbæ
Rætt í SAMMOS að samræma feral milli skóla. Það eru uppákomur sem koma upp og það virðist vera að það vanti samræmda ferla. Einnig eru mismunandi stefnur milli skóla og ekki skýrt

Fyrirlestur og fulltrúafundur
Lítið um hugmyndir að fyrirlestrum– þarf að ræða frekar.

Bóka þarf árgangafulltrúafund fyrir páska og þá er hægt að fá þá með í lið fyrir hreinsunardagdag/vorhátíð.

Fræðsluráð Mosfellsbæjar
Sendi erindi vegna gjaldtöku til Strætó til að hækka aldur þeirra sem fá frítt.

Greiðsluseðlar
Búið að senda út greiðsluseðlana. Það eru tæpar 400.000 kr til. Tæplega helmingur foreldra búinn að greiða gjaldið.

Næsti fundur
Taka annan fund eftir tvær vikur og undirbúa bæði SAMMOS og paskaundirbúning.

Aðgerðir eftir fund
- Ólafur tekur samskipti við skólastjórnendur (Rósu) með þessi atriði
    - Páskaskemmtun. Er skólinn búinn að plana eitthvað?
    - Vantar skólann eitthvað sem mætti kaupa í staðinn fyrir egg um páskana.
    - Vorhátíð/Hreinsunardagur. Hvenær hentar að halda það og hvaða hljómgrunn fær hugmyndin?
    - Athuga hvort Rósa er til í að hitta okkur á næsta fundi (eftir 2 vikur)

    - Árgangafulltrúarnir – Það vantar ennþá fulltrúa og það þarf að gera þetta tímanlega fyrir næsta ár.
- Elena tekur að sér að græja páskabingó eins og í fyrra. Ef það verða ekki keypt verðlaun, þá má lána þeim spilið til að gera sjálf.
- Ólafur - Bóka árgangafulltrúafund fyrir páska.